

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	5.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Strandarvegi 1 - 11	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni. Þrjár ábendingar voru gerðar í kjölfar eftirlitsferðar er varðar geymslu og meðhöndlun fljótandi efnavöru, framkvæmd mælinga á ryki og útblásturshraða og III. kafla reglugerðar nr. 884/2017 um kröfur til lekavarna (þróa) um lýsisgeyma.

Heildarvarmafl olíukatla verksmiðjunnar skal samkvæmt kröfu Umhverfisstofnunar vera komið undir 20 MW og staðfesting borist þar um fyrir 7. desember nk.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslu – staða frávíka
2. Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila (m.a. þykktarmæling geyma og þrýstiprófun lagna)
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Vettvangsskoðun um fyrirtækið

Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er með starfsleyfi sem gildir til 29. október 2030. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga í tengslum við innra eftirlit. Farið var yfir skjal um eftirlit með olíugeymum á starfstöðinni. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2021. Að lokum var farið í skoðun um athafnasvæði verksmiðjunnar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi, að grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Að auki var ein ábending gerð er varðar geymslu efnavöru. Vegna skil á nýjum mælingum á ryki í útblæstri veitti Umhverfisstofnun frest til loka árs 2019. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem unnin var 19. maí 2020 var skilað til eftirlitsaðila í byrjun október sl. Skýrslan sýndi að losun frá olíubrennurum væri vel undir starfsleyfismörkum eða 16 og 23 mg/Nm³. Lofthraðinn mældist þó aðeins 8 og 9 m/s. Samkvæmt minnisblaði frá Mannvit dags. 14.10.2020 kemur fram að við mælingar í maí 2020 munu katlar hafa verið á litlu álagi og útblásturshraðinn mældur þar sem innanmál frákastkeilu var 700 mm sem skýrir hvers vegna hraðinn nær ekki 20 m/s eftir að hraðinn er umreiknaður yfir í útblásturshraða í enda skorsteins, þ.e. eftir þrengingar í 490 mm. Ef hraðinn er umreiknaður fást gildin 16,3 og 18,4 m/s. Bréf dags. 5.11.2018 frá Síldarvinnslunni staðfestir hinsvegar að frákasthraðinn fer yfir 20 m/s. Bent er á að mæla skal ryk og útblásturshraða þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi.

Starfsemi Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er getið í viðauka I í lögum nr. 70/2012 um loftlagsmál og þar sem heildarvarmafl olíukatla verksmiðjunnar fer yfir 20 MW fellur verksmiðjan undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS kerfið). Í greinargerð frá Mannvit dags. 2. október sl. eru tvær leiðir til skoðunar um hvernig fyrirtækið hyggst takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að hámarksafköst verði innan við 20 MW. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögu rekstraraðila en óskar jafnframt eftir því að rekstraraðili upplýsi stofnunina um það þegar útbætur í samræmi við hugmyndir Mannvits eru komnar í framkvæmd. Samkvæmt kröfu Umhverfisstofnunar skal aflið vera komið undir 20 MW og staðfesting borist þar um fyrir 7. desember nk.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Það sem af er ári hefur verksmiðjan unnið úr rúmlega 17.500 tonnum af hráefni. Sem fyrr er starfsemin nær eingöngu bundin við vinnslu á kolmunna. Verksmiðjan var gangsett þann 3. mars sl. eftir rúmlega 9

mánaða stöpp og vinnslunni lauk um miðjan maí.

Þjónustuaðilar með tilskilin leyfi sjá um tæmingu á olíuskilju sem og flutningi á úrgangsolíu eftir þörfum. Staðfesting flutningsaðila voru fyrirbyggjandi á starfstöðinni.

Í eftirliti var staðfest að ábyrgðartrygging vegna bráðamengunartjóns liggur fyrir hjá starfsleyfishafa í samræmi við grein 4.6 í starfsleyfi.

Farið var yfir eftirlitsmælingar samanber grein 3.2 í starfsleyfi. TVN er mælt daglega og niðurstöðum skilað reglulega til eftirlitsaðila. Ekki hefur komið til þess að TVN mælist yfir starfsleyfismörkum frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Sýni voru tekin af fráveituvatni á kolmunnavertið í mars 2019 og svo aftur í mars sl. Samkvæmt skýrslum mældist magn mengandi efna í frárennsli frá hreinsibúnaði í öllum tilfellum innan þeirra losunarmarka sem fram koma í grein 2.17 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3 í starfsleyfi.

Gæðahandbók starfstöðvar sem inniheldur m.a. viðbragðsáætlun og umhverfismarkmið í samræmi við greinar 4.1 og 4.4 í starfsleyfi eru endurskoðuð árlega. Bent var á að viðbragðsáætlunin skuli endurskoðuð með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

Þrjár lýsisgeymar tilheyra verksmiðjunni og er ein lekavarnarþró um þá alla. Fram kom að lýsisgeymarnir hafa ekki verið þykktarmældir en til stendur að gera það. Bent var á að samkvæmt grein 20.5 reglugerðar nr. 884/2017 skal þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma á a.m.k. 10 ára fresti. Útskipunarlögn fyrir lýsi var þrýstiprófuð í ágúst 2018. Bent var á að samkvæmt grein 20.2 reglugerðar nr. 884/2017 skal á fimm ára fresti þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir.

Flotgirðing sem verksmiðjan hefur aðgang að var síðust notuð 27. júní 2018 en hún skal æfð a.m.k. á 5 ára fresti.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Lóð og umhverfi starfstöðvar voru skoðuð en vegna Covid 19 var ekki farið inn í verksmiðjuna. Fyrirkomulag olíugeymis til afgreiðslu á vélar verksmiðjunnar var skoðað sérstaklega. Nokkuð snyrtilegt var um að litast og ekki ástæða til athugasemda. Rætt var um að bæta mengunarnir í efnageymslu verksmiðjunnar m.t.t. ábendingar í eftirliti á síðasta ári, en efni fljótandi formi standa ekki á lekabyttu og niðurföll í gólfi eru opin. Bent er á grein 2.24 í starfsleyfi hvað varðar geymslu fljótandi efnavöru.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á kröfur til fljótandi efnavöru í grein 2.24 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarahættu eins og kostur er. Ef niðurföll eru í efnageymslu skulu þau vera lokanleg og lokuð nema undir eftirliti starfsmanns.


2. Rekstraraðila er bent á að mæla skuli ryk og útblásturshraða þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi.

3. Rekstraraðila er kröfur til lekavarna (þróa) um lýsisgeyma, sjá kafla III reglugerðar nr. 884/2017. Niðurföll í þró skal tengt olíuskilju. Niðurfallið skal vera lokað nema þegar rigningrvatni er hleypt niður úr þrónni. Mæla skal olíu (lýsi) í frárennsli olíuskilju að lágmarki á þriggja ára fresti.

17.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson